

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

Reykjavík, 10. febrúar 2023
UST202302-035/H.G.
08.12.01

Yfirfærsla starfsleyfis - FISK Seafood yfir á Hólaskóla

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans FISK Seafood ehf, kt. 461289-1269 og Háskólans á Hólum í Hjaltadal, kt. 500169-4359 sem barst stofnuninni þann 3. febrúar sl., þar sem óskað var eftir því að færa starfsleyfi FISK Seafood ehf. til framleiðslu á bleikju við Hof í Hjaltadal yfir á Háskólann á Hólum í Hjaltadal. Starfsleyfi FISK Seafood ehf. var gefið út 5. nóvember 2020 og gildir til 5. nóvember 2036.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 6. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum og því þarf ekki að auglýsa breytinguna. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Háskólinn á Hólum í Hjaltadal.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá handhafa starfsleyfis, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Afrit sent til FISK Seafood ehf.